



MÁLEFNASAMNINGUR

um meirihlutasamstarf **H-listans fyrir heildina í Fjallabyggð (H)**
og **Jafnaðarmanna og óháðra (S)**

fyrir kjörtímabilið
2026-2030

Framboðin vilja að Fjallabyggð sé sveitarfélag þar sem öllum líði vel, þar sem ungt fólk sér tækifæri til að skjóta rótum, fyrirtæki fái að blómstra og eldra fólk búi við öryggi og virðingu. Betri samgöngur, fjölbreytt atvinnulíf, fjölskylduvænt samfélag, sanngjörn gjaldtaka, öflugt skóla- og frístundastarf, myndarlegri umhirða bæjarins og – umfram allt – aukin samstaða milli byggðakjarnanna.

H-listinn fyrir heildina í Fjallabyggð og S-listi Jafnaðarmanna og óháðra hafa stofnað til meirihlutasamstarfs fyrir kjörtímabilið 2026-2030.

Framboðin eru sammála um að leggja áherslu á uppbyggingu innviða sveitarfélagsins, ásamt því að efla grunnþjónustu við íbúa, atvinnulíf, frístundir og menningu. Á kjörtímabilinu verður mótuð framkvæmdaáætlun. Hlúð verður að mannauði sveitarfélagsins og starfsaðstæður bættar. Tryggt verður nauðsynlegt og eðlilegt viðhald á fasteignum Fjallabyggðar.

Framboðin eru sammála um að staða bæjarstjóra verði auglýst.

Meirihlutinn hefur komið sér saman um eftirfarandi verkaskiptingu:

- Oddviti H-lista fyrir heildina verður formaður bæjarráðs
- Oddviti Jafnaðarmanna og óháðra verður forseti bæjarstjórnar.
- Oddvitar skipta embættum á miðju kjörtímabili, þann 1. júní 2028.

Framboðin skipta með sér formennsku í nefndum sem hér segir:

- H-listinn fyrir heildina í Fjallabyggð
 - Fræðslu- og frístundanevnd
 - Framkvæmda-, hafna- og veitunefnd
- Jafnaðarmenn og óháðir í Fjallabyggð
 - Skipulags- og umhverfisnefnd
 - Velferðarnefnd



Samgöngur - Lífæð Fjallabyggðar

Öruggar og góðar samgöngur eru lífæð Fjallabyggðar. Þær eru ekki forréttindi. Framboðin munu þrýsta á að ríkisvaldið sinni eigum sínum af metnaði og tryggi viðhald, öryggi og uppbyggingu á hverjum tíma.

- ✓ Forgangsmál nýrrar bæjarstjórnar í samgöngumálum er að tryggja að framkvæmdir við Fljótagöng fari af stað og í framhaldinu hefja öfluga baráttu fyrir nýjum göngum frá Ólafsfirði til Dalvíkur þannig að framkvæmdir við þau geti hafist í kjölfar Fljótaganga.
- ✓ Að Vegagerðin tryggi öryggi í jarðgöngum á svæðinu í samræmi við reglugerð um brunavarnir í samgöngumannvirkjum nr. 614/2004, líkt og Innviðaráðuneytið úrskurðaði um 2024.
- ✓ Umferðaröryggisáætlun Fjallabyggðar frá árinu 2013 verði tekin upp, endurskoðuð og ný áætlun lögð fram. Jafnframt verði ábendingum frá ungmennaráði Fjallabyggðar frá árinu 2025 hrint í framkvæmd.
- ✓ Mikilvægt er að finna leiðir til að koma á tíðari samgöngum á milli byggðakjarna eftir að skólaakstri lýkur og yfir sumartímann.
- ✓ Lagfæra aðkomu að grunnskólanum á Ólafsfirði tafarlaust – leggja gangstéttir, tryggja snúningsrými fyrir bíla og útrýma umferðarhættu sem vegfarendur búa við í dag.

Fjölskyldan, fólkið og samfélagið

Þéttbýliskjarni er ekkert án samfélags. Fjölgun íbúa í Fjallabyggð á síðustu árum er merki þess að áhugi er til staðar til þess að fólk taki ákvörðun um búsetu í sveitarfélaginu. Fólk vill sjá Fjallabyggð sem sveitarfélag þar sem fjölskyldur blómstra og eldra fólk fær að eldast með reisn. Við viljum tryggja að öll þjónusta sé í forgangi – leikskólinn, grunnskólinn, félagsmiðstöðin og heimaþjónustan.

- ✓ Vinna að því að Fjallabyggð verði áfram vænlegur valkostur fyrir barnafjölskyldur til búsetu.
- ✓ Byggja upp og viðhalda leiksvæðum í Fjallabyggð þannig að svæðin nýtist öllum aldurshópum.
- ✓ Uppbygging og viðhald íþróttamannvirkja verði vel sinnt og einnig verði áframhaldandi samráð haft við íþróttahreyfinguna um framtíðaruppbyggingu íþróttamannvirkja. Mikilvægt er að framtíðarsýn sveitarfélagsins taki mið af þörf á hverjum tíma og að tekið sé tillit til þarfa allra íþróttá.



- ✓ Menningarmálum verði gerð hátt undir höfði og ábyrgð þeirra innan stjórnslu verði skilgreind. Stutt verði við söfn, menningarhús og tengda aðila í Fjallabyggð.
- ✓ Öll börn að 18 ára aldri í Fjallabyggð fá frítt í sund.
- ✓ Skoðaður verði möguleiki á lýðheilsukorti fyrir einstaklinga og fjölskyldur búsettar í Fjallabyggð.
- ✓ Ráðinn verði starfsmaður í samráði við ÚÍF (Ungmenna- og Íþróttasamband Fjallabyggðar) og aðildarfélag þess sem hefur það verkefni að aðstoða félögin með ýmis verkefni sem mörg hver eru orðin mjög umfangsmikil og tímafrek.

Atvinnustefna til framtíðar og nýsköpun

Öflugt atvinnulíf er lykillinn að því að ungt fólk sjái framtíð í heimabyggð og að nýir íbúar flytji í bæinn. Sveitarfélagið á að skapa frjóan jarðveg þar sem fyrirtæki ná að blómstra og frumkvöðlar fá tækifæri.

- ✓ Fjallabyggð haldi áfram að kaupa vörur og þjónustu af nærsamfélaginu og reyni eftir því sem unnt er að beina viðskiptum sínum til fyrirtækja og aðila í sveitarfélaginu.
- ✓ Að bæjarráð fari reglulega í heimsóknir til fyrirtækja til upplýsingamiðlunar og ekki síst til að sýna stuðning við fyrirtækin.
- ✓ Fjallabyggð ræði reglulega við ríkisvaldið og þrýsti á um fjölgun opinberra starfa í sveitarfélaginu og verji þau störf hins opinbera sem nú þegar eru til staðar.
- ✓ Að markaðssetja Fjallabyggð og Fjallabyggðarhafnir í nánú samráði við Ferðaklasann og þar til bærra aðila.
- ✓ Framtíðarstefna Fjallabyggðarhafna frá árinu 2022 verði tekin upp til endurskoðunar eins og tiltekið er í gildandi stefnu. Setja þarf þrýsting á að Vegagerðin veiti fé til lagfæringa og uppbyggingar hafnarmannvirkja.
- ✓ Við viljum færa líf í höfnina á Ólafsfirði. Haldin verður hugmyndasamkeppni um framtíðarmöguleika og aukið hlutverk sem og ásýnd hennar.
- ✓ Að gjaldskrá Fjallabyggðarhafna taki mið af veittri þjónustu á hverjum tíma.
- ✓ Afhendingaröryggi á raforku verði tryggt og þrýst á að Rarik ljúki spennubreytingu rafmagns á Siglufirði.
- ✓ Tryggja það að íbúar og atvinnulíf í Fjallabyggð geti gengið að nægu köldu vatni sem uppfyllir viðmið heilbrigðisyfirvalda.



- ✓ Þrýst verði á orkufyrirtæki sem sjá Fjallabyggð fyrir heitu vatni að framboð þess verði tryggt til þess að mæta þörfum samfélagsins og atvinnulífs.
- ✓ Sveitarfélagið marki sér stefnu um ferðapjónustu og markaðssetningu í samvinnu við Ferðaklasa Fjallabyggðar, fyrirtæki í ferðapjónustu og hagsmunaaðila.

Lýðræði, rekstur og fjármálastjórn

Ábyrg fjármálastjórn er forsenda þess að við getum staðið við loforð okkar. Gagnsæi, aðgengi og virkt samráð eru lykilatriði í því samfélagi sem við viljum byggja. Mikilvægt er að hafa eftirfylgni með áætlunum og að ákvarðanir séu skýrar og sýnilegar.

- ✓ Halda áfram ábyrgri fjármálastjórn sveitarfélagsins – forgangsraða verkefnum skynsamlega og ráðast ekki í meira en fjárhagurinn og samfélagið ræður við. Tryggja að ákvarðanir, fjárútlát og áætlanir séu sýnilegar og aðgengilegar íbúum. Fyrirspurnum íbúa skal svarað tímanlega og af fagmennsku, og þegar frekari gagnaöflunar er þörf skulu íbúar upplýstir um stöðu mála. Með aukinni upplýsingamiðlun er hægt að segja meira frá því sem er að gerast í samfélaginu.
- ✓ Æðstu starfsmenn sveitarfélagsins séu sýnilegir í báðum byggðakjörnum með viðveru.
- ✓ Tryggja íbúalýðræði og virka þátttöku íbúa í málefnum og stefnumótun Fjallabyggðar með því að skapa skilvirkan vettvang þar sem íbúar geta komið hugmyndum og tillögum á framfæri fyrir fjárhagsáætlunargerð.
- ✓ Við viljum auka gagnsæi, opna bókhaldið og setja upp mælaborð með lykiltölum í rekstri sveitarfélagsins sem er aðgengilegt íbúum.
- ✓ Bæjarfulltrúar verði hvattir til og gert kleift að bjóða upp á fasta viðtalstíma.
- ✓ Allar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins verði vandlega undirbúnar og góð eftirfylgni með þeim. Stór verk fari í útboðsferli í upphafi hvers árs.
- ✓ Hjá sveitarfélaginu starfa fleiri en 200 einstaklingar. Svo stór vinnustaður þarf virkari stefnu í mannauðsmálum og mannauðsstjóra. Þannig eflum við trú og traust íbúa til sveitarfélagsins og gerum vinnustaðinn í Fjallabyggð að eftirsóknarverðum vinnustað.
- ✓ Leitað verður allra leiða til þess að lækka álögur á íbúa og fyrirtæki án þess að skerða þjónustu. Reglur um afslátt af fasteignaskatti verða endurskoðaðar á kjörtímabilinu.
- ✓ Settur verður kraftur í stafræna vegferð sveitarfélagsins meðal annars með innleiðingu upplýsingatækni og tengdra kerfa.



Umhverfis- og skipulagsmál

Umhverfið okkar er auðlind – bæði náttúran sem umvefur okkur og bæjarmyndin sjálf. Við viljum sjá snyrtilegri bæ, vel hirtar götur og fegurri ásýnd. Sveitarfélagið á að sýna gott fordæmi sem þannig hvetur íbúa og fyrirtæki til þess að huga að nærumhverfi sínu.

- ✓ Við setjum umhverfismál í forgang og viljum auka vægi þeirra í stjórnsýslunni.
- ✓ Urðun á sorpi er síðasti valkostur og meðferð á óvirkum úrgangi verði samkvæmt lögum. Að svæði og umhverfi móttökustöðva fyrir úrgang verði endurskoðuð og lagfærð.
- ✓ Vinna með fyrirtækjum og íbúum að sameiginlegu markmiði að gera umhverfi okkar í Fjallabyggð aðlaðandi fyrir alla.
- ✓ Gera stóráttak í að snyrta og bæta opin svæði.
- ✓ Halda samkeppni um bæjartákn sem sett yrði upp við bæjarmörk Fjallabyggðar.
- ✓ Skipuleggja miðbæjarkjarna beggja byggðakjarna í samráði við íbúa og hagsmunaaðila.
- ✓ Framkvæmdir á tjaldsvæðinu í Ólafsfirði verða kláraðar og markviss uppbygging hafin á tjaldsvæðinu á Siglufirði. Mikilvægt er að bæði svæðin uppfylli kröfur um aðbúnað og öryggi.
- ✓ Gangstéttir verði lagfærðar og nýjar lagðar þar sem þeirra er þörf. Einnig verður ráðist í áttak við gerð göngustíga og gönguleiða í sveitarfélaginu.
- ✓ Viðhaldsáætlun sveitarfélagsins verður endurskoðuð og uppfærð og hún unnin í samráði við forstöðumenn stofnana. Lögð verður áhersla á að unnið sé eftir áætluninni.
- ✓ Mikilvægt er að merkingar á húsnæði sveitarfélagsins verði endurnýjaðar.
- ✓ Snjómokstur: Nútímavæða ferlið í heild sinni og endurskoða sérstaklega fyrirkomulag snjósöfnunarsvæða.
- ✓ Fráveita og lausnir á vatnsflóðum: Klára kortlagningu og finna lausnir á fráveitu til að koma í veg fyrir vatnsflóð og tjón, og fá aðkomu Ofanflóðasjóðs til að tryggja að leysingavatn úr fjallshlíðum og ofanvatn valdi ekki flóðum og tjóni.
- ✓ Setja á fót umhverfisverðlaun til hvatningar fyrir íbúa og fyrirtæki að halda nærumhverfi sínu snyrtilegu.
- ✓ Við ætlum að halda áfram markvissri vinnu í deiliskipulagsmálum á Siglufirði og Ólafsfirði.
- ✓ Unnin verði umhverfisstefna fyrir sveitarfélagið.
- ✓ Afgirt hundasvæði verða sett upp í báðum byggðakjörnum.



Stjórnsýslan og stofnanir samfélagsins

Stjórnsýsla Fjallabyggðar á að vera skilvirk og hagkvæm. Stjórnsýslan á að vera öllum íbúunum opin eins og lög leyfa, þ.m.t. íbúum með annað móðurmál en íslensku.

- ✓ Þjónustustefna, sem tók gildi með lögum frá Alþingi nr. 96/2021, verður mótuð og innleidd hjá sveitarfélaginu. Okkur er umhugað um fólkið í samfélaginu og viljum við gera okkar allra besta við að bjóða góða þjónustu fyrir íbúa Fjallabyggðar.
- ✓ Frístundastyrkur verður hækkaður í 70.000 kr. í áföngum fram til ársins 2028.
- ✓ Flutningur miðstigs grunnskólans verður kláraður í góðu samráði við börnin, foreldra, kennara og skólastjórnendur.
- ✓ Styrkja samstarf við Menntaskólann á Tröllaskaga með möguleika á samstarfi milli skólastiga.
- ✓ Endurskoða gjaldskrá leikskóla Fjallabyggðar með það að markmiði að lækka gjöld. Mikilvægt er að þjónusta leikskóla sé í góðri sátt við foreldra, vinnuveitendur og starfsmenn.
- ✓ Skoða með hvaða hætti er hægt að koma á móts við þarfir barna og foreldra, sem þurfa vistun utan opnunartíma leikskólans allt árið sem og grunnskólans yfir sumarmánuði.
- ✓ Setja metnað í að aðstaða leik- og grunnskólabarna og starfsfólks sé eins góð og kostur er og unnin í samstarfi við þá sem að því koma.
- ✓ Huga að búsetuárræðum eldri borgara, öryrkja og tekjulágra í Fjallabyggð.
- ✓ Finna framtíðarlausn í búsetumálum og þjónustu fyrir fatlað fólk.
- ✓ Kanna þörf á byggingu eða endurbótum á þegar byggðu húsnæði til leigu í samráði við HMS (Húsnæðis- og mannvirkjastofnun).
- ✓ Hlúa að öflugum félagsstarfi eldri borgara í Fjallabyggð, gott aðgengi að tólmstundum, bættri heilsu og auknum lífsgæðum og koma í veg fyrir að eldri borgarar einangrist.
- ✓ Sjá til þess að félagsleg ráðgjöf og þjónusta verði eflað meðal annars með „atvinnu með stuðningi“ fyrir fólk með fatlanir í Fjallabyggð.
- ✓ Fundin verði framtíðarlausn varðandi húsnæði leikskólans á Ólafsfirði.
- ✓ Sveitarfélagið hafi forgang um að miðla upplýsingum um íslenskukennslu til íbúa með annað móðurmál en íslensku.
- ✓ Mótuð verði framtíðarstefna um hlutverk og verkefni þjónustumiðstöðvar Fjallabyggðar.
- ✓ Fræðslustefna leik- og grunnskóla Fjallabyggðar verður tekin til endurskoðunar.

- ✓ Efla frístundastarf barna og unglunga meðal annars með fjölbreyttari og betri nýtingu á húsnæði félagsmiðstöðvar Neons.

Opinber þjónusta

Góð heilbrigðisþjónusta er ein forsenda búsetu í hverju samfélagi. Við ætlum að gæta hagsmuna Fjallabyggðar gagnvart ríkinu hvað varðar heilbrigðisþjónustu og aðra þjónustu á vegum þess í sveitarfélaginu. Vera í virku samtali við ríkisvaldið um þær stofnanir sem eru í Fjallabyggð.

- ✓ Hlúa áfram að starfsemi Landhelgisgæslunnar með tilliti til frekari uppbyggingar í tengslum við varðskipið Freyju á Siglufirði.

Fjallabyggð, 3. júní 2026
Staður og dagsetning

f.h. H-listans fyrir heildina í Fjallabyggð

Helgi Jóhannsson
Helgi Jóhannsson

f.h. Jafnaðarmanna og óháðra í Fjallabyggð

Jóhann K. Jóhannsson
Jóhann K. Jóhannsson

